

<b>Dags eftirlits</b>	27.8.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Benchmark Genetics Iceland hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Bæjarhraun 14	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	620391-1079	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ella Kristín Geirsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ragnar Ingi Danner	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti.

Rekstraraðila var bent á að senda uppfærðar áætlanir sem skulu liggja fyrir í stöðinni til eftirlitsaðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. í Seljavogi í Höfnum.

Rekstraraðili er með nýtt starfsleyfi sem gefið var út 23. júní sl. Heimill er 2,8 tonna hámarkslífmassi á hverjum tíma. Heimilt að ala laxfiska og hrognkelsi. Starfsleyfið gildir til 2037. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu þann 30. apríl 2020 þar sem ekki var talið að fiskeldið hefði í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Deiliskipulag er ekki í gildi fyrir stöðina í Kirkjuvogi en starfsemin er á samþykktu athafnasvæði H5 í aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Rekstraraðili hefur sótt um nýtingarleyfi vegna vatnsöflunar til Orkustofnunar.

Í Seljavogi er einangrunarstöð en þar er íslenski laxastofninn kynbættur með erlendum svilum. Dýralæknir vottar að seiðin séu sjúkdómafrí áður en heimilað er að flytja þau út úr stöðinni. Ferskvatn er keypt af vatnsveitunni í Höfnum en heitt vatn er einnig notað. Stöðin endurnýtir vatn en u.þ.b. 85 % af eldisvatninu er endurnýtt. Sjóhola er á lóð stöðvarinnar og ca. 20 l/s af sjó eru notuð á haustin eftir að seiðin eru smoltuð. Ferlið tekur um 1 ár og fóðurstuðullinn á síðasta ári var 0,94. Framleiðslan á síðasta ári var um 2,1 tonn þar af afföll um 0,9 tonn.

Frárennsli stöðvarinnar liggur niður í fjöruna við Svartaklettsbót, innan við bryggjuna í Höfnum. Á lögninni er 12 m<sup>3</sup> klórtankur til sótthreinsunar á frárennslinu ef þarf og einnig er fiskigildra á lögninni. Því kemst enginn fiskur inn í eða út úr stöðinni. Fisksjúkdómanefnd hefur tekið búnaðinn út og samþykkt.

Undanþága Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er frá því að uppfylla ákvæði 9.2 í 9. grein reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og því endar lögnin efst í fjörunni.

Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

### Fundur:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

### Skoðun

Fulltrúar rekstraraðila voru Ella Kristín Geirsdóttir, Auður Eyberg Helgadóttir, Viðar Örn Victorsson og Ragnar Ingi Danner en frá Umhverfisstofnun Gottskálf Friðgeirsson.

1. Fimm frávik voru skráð árið 2018. Stöðinni var á síðasta ári veitt tímabundin undanþága umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá kröfum um starfsleyfi og nýtt starfsleyfi tók gildi áður en undanþágan rann út. Því er frávikum um losun í vatn (sjó) án starfsleyfis lokað. Eins má loka frávikum sem snýr að rekstri fiskeldisstöðvar án gilds starfsleyfis. Frávikum sem snúa að því að ekki lágu fyrir skriflegar áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun er einnig lokað þar sem skriflegar áætlanir hafa verið sendar stofnuninni og verða uppfærðar og ný eintök send stofnuninni til yfirlstrar.

Orðið hefur verið við ábendingu um að stöðin þurfi gilt rekstrarleyfi en 24. júní sl. gaf Matvælastofnun út rekstrarleyfi fyrir lax og hrognkelsi. Ábendingu um tiltekt á lóðinni er enn haldið til streitu en fyrirhugað er að setja upp lokað gámaport þar sem flokkun úrgangs færi fram.

Orðið hefur við öllum kröfum úr fyrri eftirlitum en einni ábendingu er haldið til streitu.

2. Upplýsingar um olíugeyma voru yfirfarnar. Einn olíugeymir er í Seljavogi, þ.e. 88 lítra húsageymir vegna varaafsstöðvar. Gögnum um olíugeyminn verður komið til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem er ábyrgt fyrir skráningu olíugeyma á svæði heilbrigðisnefndar Suðurnesjasvæðis.

3. Í nýju starfsleyfi eru kröfur um fjórar skriflegar áætlanir, um mælingar á efnainnihaldi vatns (inntak og útrás) tvisvar á ári, um gagnaskil (skýrslur) s.s. ársyfirlit, umhverfisupplýsingar, niðurstöður mælinga og um vöktun í stöðinni (samantekt skráninga og mælinga). Tilkynna skal m.a. breytingar á tengilið rekstraraðila við Umhverfisstofnun, gangsetningu og stöðvun reksturs, óhöpp sem snúa að mengun umhverfisins og eins ef breytingar verða á nafni fyrirtækisins.

Skoðaðar voru áætlanir sem skulu liggja fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun vegna massadauða, viðbragðsáætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs. Fyrir liggur að uppfæra þær og var rekstraraðila bent á að senda afrit til eftirlitsaðila til yfirlestrar og samþykktar.

Ársyfirlit var skoðað og niðurstöður mælinga og útreikninga síðasta árs. Farið var yfir aðferðir við skráningar og hvernig unnið er upp úr gögnunum og þau notuð til þess að bæta reksturinn.

Stöðin er undanskilin kröfum um að færa grænt bókhald og útstreymisbókhald vegna lítils umfangs.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

Rekstraraðili er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið og tekið önnur skref í átt að umhverfisstjórnunarkerfi með ítarlegri skráningu á þjálfun starfsmanna, skráningum og fyrirbyggjandi viðhaldi.

4. Nýleg reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnarefirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Í áhættumati síðasta árs fékk stöðin í Seljavogi einkunnina C. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður notað við gerð eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar fyrir árið 2022.

5. Engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið á árinu og engar kvartanir borist vegna starfseminnar.

Rætt var um úrgangsmál en söfnunargámar eru við stöðina í Seljavogi og fyrirhugað er að setja upp gámaporti með girðingu og hliði til þess að auka og bæta flokkun í stöðinni.

Farið var í skoðunarferð í stöðinni. Ekki var tilefni til athugasemda.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að senda uppfærðar áætlanir sem skulu liggja fyrir í stöðinni til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2021



Gottskálk Friðgeirsson